



MARGRÉT ZÓPHÓNÍASDÓTTIR
KJARVALSSTÖÐUM
25. apríl - 10. maí, 1992



MARGRÉT ZÓPHÓNÍASDÓTTIR F.1953

Menntun:

Myndlista og handiðaskóli Íslands 1975-1977.

Myndlistaskólinn í Reykjavík 1974-1977.

Skólen for Brugskunst 1977-1981.

Helstu sýningar:

Nýlistasafnið v/Vatnsstig 1982.

Gullströndin andar 1982.

Íslensk grafík, Norræna húsinu 1983.

Friðarsýning í Norræna húsinu 1984.

Einkasýning í Ásmundarsal 1990

Sýning á Kjarvalsstöðum 1992

og samsýningar erlendis.

Kennsla við Myndlistarskólann í Reykjavík 1982-1984

og 1990-1992.

Verk í eign Listasafns Háskóla Íslands.

Sýninguna tileinka ég foreldrum mínum.

Glerið er efni andstæðna. Það er í senn sterkt og viðkvæmt, mjúkt og hart, og hefur þá eiginleika umfram önnur efni að það er gegnsætt sem gerir það að verkum að þegar ljósið fellur í gegn virðist uppspretta þess falin inni í glerinu sjálfu.

Um aldir hafa kirkjur miðalda, með einstæðum steindum glergluggum, skapað trúarlegt og upphafið andrúmsloft þar sem hver litur ber táknræna merkingu og ljósið sem inn um þá streymdi, tákn sjálfs guðdómsins.

Tákn kristindómsins eru afar myndræn og veittu þau því listamanninum góðar forsendur að skoðun sinni.

Slíkur er áhrifamáttur þessara listaverka, að jafnvel firrt og trúlaus nútímamanneskja getur fundið þar frið og sáluhjálp. Þess má geta að fyrstu glergluggarnir voru fluttir til Íslands frá Danmörku árið 1195 og voru þeir gjöf til Skálholtskirkju frá Absalon biskupi. Á þessari öld hefur glerlistin fengið uppreisn og það er athyglisvert að sjá hversu vel hún fellur að nútíma byggingarlist og í hve miklum mæli arkitektar nýta hana í hugverkum sínum.

Í frjálstri myndlist hefur glerið heillað marga vegna fjölbreytilegra túlkunarmöguleika og kannski ekki hvað sist, vegna þeirra ögrunar sem efnið felur í sér.

Margir myndhöggvarar vinna með steinsteypu og gler.

Glermálun er tvieggja. Glerið er náttúru efni sem er óstýrilátt en jafnframt ögrandi og spennandi.

Útkoman er aldrei örugg. Stundum kemur það gleðilega á óvart en stundum veldur það vonbrigðum.

Möguleikar efnisins eru miklir en um leið takmarkaðir.

Það er eins og glerið sé sjálfstæð persóna sem ber að umgangast með fyllstu varúð.

Verk þessi eru unnin á þessu ári á Glerverkstæði

L. Frese og sona á Friðriksbergi í Kaupmannahöfn.

Þar hafa margir myndlistarmenn unnið að glerverkefnum eða allar götur frá 6. áratugnum þegar fyrsta opinbera nútímaglerskreytingin í Danmörku var unnin þar.

Myndaskrá

1.	Hugarórar	94x124
2.	Hlutskipti	46x61
3.	Á súrsætum síðsumardegi	80x95
4.	Fallandi fjaðrir	94x124
5.	Vatnsblönduð minning	94x124
6.	Tvenna	46x61
7.	Umbreyting	47x124
8.	Samtvinnuð flétta	94x124
9.	Ímyndað vor	94x124
10.	Í augasteini fjöldans	46x50
11.	Glundroði	94x124
12.	Sérhver dagur	80x110,5

Myndirnar eru allar málaðar á gler og brenndar við 620°C.

